

**113** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Fræðslusjóð Nauteyrrarhrepps,  
13. des. útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 13. des. 1932.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Fræðslusjóð Nauteyrrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Nauteyrrarhrepps. Stofnféð kr. 500,00 — fimm hundruð krónur, — er gefið á dánardægri frá Jónu Kristjánsdóttir Fjalladal, til minningar um hana.

2. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum, áheimum og öðru, er íbúar Nauteyrrarhrepps kynnu að efla hann með.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, þar til Nauteyrrarhreppur hefir eignast sinn eigin sparissjóð, en þá skal sjóðurinn ávaxtast þar.

4. gr.

Takmark sjóðsins á að vera það, að bera uppi allan kostnað við barna og unglíngafraeðslu í Nauteyrrarhreppi, af hálfu foreldra og hreppsfélagsins að þeim hluta, er ríkið ekki kostar fræðsluna.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Allir vextir leggist við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 5000 — fimm þúsund — krónur, úr því má verja einum þriðja vaxtanna til styrktar fátækum börnum á skóla aldri.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20000,00 má verja  $\frac{2}{5}$  af vöxtum hans í sama skyni, en þrjú fimmtu leggist við höfuðstólinn unz sjóðurinn er kr. 50000,00, úr því gangi  $\frac{4}{5}$  vaxtanna til barna og unglíngafraeðslu, en einn fimmti vaxtanna leggist ávallt við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu ávallt skipa skólanefndarformaður Nauteyrrarhrepps, oddviti Nauteyrrarhrepps og sóknarprestur Kirkjubólshinga.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu, ásamt sveitarreikningi Nauteyrarhrepps, endurskoðaðir af endurskoðanda sveitareikningsins, og síðan sendir með sveitarreikningnum sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu til yfir endurskoðunar.

113

13. des.

## 9. gr.

Á hverju vorprófi skal formaður skólanefndar í heyranda hljóði birta foreldrum og börnum eignir og ástæður sjóðsins.

## 10. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Melgraseyri, 5. október 1932.

*Jón K. Fjalldal.*

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Björns bónda Sigfússonar frv. alþingismanns og Ingunnar húsfreyju Jónsdóttur að Kornsa í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómismálaráðherra 16. desember 1932. Skipulagsskráin er þannig:**

## SKIPULAGSSKRÁ

114

16. des.

## fyrir

**Minningarsjóð hjónanna Björns bónda Sigfússonar fyrrv. alþm. og Ingunnar húsfreyju Jónsdóttur að Kornsa í Vatnsdal.**

## 1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — króna gjöf, frá hjónunum Guðrúnu Björnsdóttur frá Kornsa, og Þormóði Eyjólfssyni konsúl á Siglufirði. Til stofnfjár teljast og gjafir, áheit og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að berast utanað, svo og sá hluti vaxtanna, er leggja skal við sjóðinn, skv. 4. gr. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og er sjóðurinn ævarandi eign Áshrepps í Húnaþingi.

## 2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparissjóði Austur-Húnavatnssýslu, eða í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, ef stjórn sjóðsins telur honum það til meiri hagnaðar.

## 3. gr.

Til ársloka 1940 skal árlega leggja alla vextina við höfuðstólinn, en upp frá því má verja allt að helmingi vaxtanna til verðlauna, samkv. ákvæðum 4.